

Stjórnarfundur Leiknar föstudaginn 24. janúar 2020

kl.13:00-13:50.

Staður: Teams - veffundur

Mætt: Guðrún Vala (GV), Helgi (HS), Eyjólfur (ES) og Guðfinna (GH), sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Helga (HS), Ingibjörg (IK) og Sólrún (SB).

1. Manifesto

Umræða um íslensku útgáfuna af Manifesto frá EAEA og hvort halda eigi áfram vinnu við hana. Helgi var búinn að þýða stutta útgáfu (einblöðung) og mun senda hana á stjórn til yfirlstrar. Þegar hún liggur fyrir er stefnt að útgáfu fréttabréfs og stutta útgáfan birt. Vinna við heildarskjalið fór á bið um jólin en verður sett í gang aftur. Helgi tekur við boltanum og fylgir eftir athugasemdum frá Guðfinnu og Eyjólfu og þar á eftir tekur Guðrún Vala við heildarskjalinu til yfirlstrar.

2. Námsferð stjórnar

Stefnt er að því að fara í viku 14, þ.e. um mánaðarmótin mars/apríl nk. Helgi hefur verið í samskiptum við dönsku móttökuaðilana og reiknar með að dagskráin skýrist í næstu viku, hann mun senda á stjórn nánari upplýsingar þegar þær liggja fyrir.

3. Námsferðir félagsmanna styrktar af KA1 styrk

Rætt um fyrirkomulag ferða og gerð auglýsinga, Guðrún Vala og Helgi munu vinna tillögur saman á næstu vikum.

4. Vefferindi á Youtube

Tvö vefferindi eru komin inn á Youtube um Evrópuverkefni og Fjölmennt. GV hefur verið í samræðum við Markus um erindi um niðurstöður rannsóknar á íslenskukennslu fyrir útlendinga og var rætt um hvort halda eigi því til streitu, GV gerir eina tilraun enn til að komast að niðurstöðu um erindið. Staða á erindum sem komnar voru tillögur um er þessi:

- Starfsmennt, um raunfærnimat á móti viðmiðum Háskólabrúar Keilis – Starfsmennt var búin að hafa samband við Keili sem samþykkti aðkomu að slíku erindi en ekkert komið lengra. GH mun setja málið aftur á dagskrá innan Starfsmenntar.
- SÍMEY um námsleiðir framhaldsfræðslunnar, námið er keyrt á vinnutíma og vinnustað (Slippurinn). HS athugar með að koma þessu af stað.
- Um raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífs (Starfsmennt, SÍMEY og Fræðslunet Suðurlands eru öll þátttakendur í tilraunaverkefninu). GH kannar hjá Fræðslumiðstöðinni hvort hún sé tilbúin að standa fyrir slíku erindi þegar nær dregur verkefnalokum í vor.
- Framvegis, grunnúrræði fyrir ungt fólk sem er í úrræðum hjá Virk og Fjölsmiðjunni. Ekki rætt þar sem IK var fjarverandi.
- Erindi um umhverfisvernd, Anna Lára Steindal. GV sagði að Anna Lára væri komin í nýtt starf og því kannski ólíklegt að hún kæmist í verkefni sem þetta.

Hugmyndir að öðrum erindum sem komu upp í umræðum voru:

- Starfsþróun einyrkja í ferðaþjónustu, verkefni hjá SÍMEY. (HS).
Fjarfundamenning, námskeið á vegum SÍMEY fyrir kjörna fulltrúa og starfsmenn sveitarfélaga um takmarkanir og möguleika fjarfunda m.a. með hliðsjón af lagaákvæðum (HS).

5. Viska - lokaráðstefna

VISKA verkefninu er að ljúka og verður lokaráðstefnan mánudaginn 4.febrúar nk. í Reykjavík. Verkefnið er Evrópuverkefni (KA3) og voru íslensku þátttakendurnir Fræðslumiðstöðin, Iðan og MMR. Hér á landi var fókusinn á raunfærnimat innflytjenda og hélt Iðan utan um raunfærnimatið. Önnur þátttökulönd höfðu aðrar áherslur, m.a. tóku Írar einungis viðtöl við starfandi náms- og starfsráðgjafa og framkvæmdaraðila í raunfærnimati, í Belgíu var verkefnið á hendi flæmska menntamálaráðuneytis og þar var metið á móti almennun bóklegum greinum, en þrátt fyrir raunfærnimat var öllum þátttakendum í Belgíu gert að gangast líka undir próf. Í Noregi náði verkefnið til flóttafólks. Meginniðurstöður fyrir Ísland voru að verkefnin eru næg en fjármagnið vantar til að fylgja þeim eftir og skapa námstækifæri fyrir þátttakendur.

Lokaráðstefna VISKA verkefnisins virðist opin öllum og er hægt að skrá sig á [þessum hlekk](#).

6. Erasmus ný áætlun

Ný Erasmusáætlun er í bígerð, Guðrún Vala fer til Brussel í næstu viku á kynningu á nýju áætluninni og mun því geta sagt stjórn meira frá nýjum áherslum á næsta fundi.

7. Erindi v. starfsnáms

Guðrún Vala sagði frá erindi sem barst Leikn frá Þjóðverja, sem er að ljúka meistaranámi í fullorðinsfræðslu frá háskóla í Þýskalandi. Hann langar að kynnst fullorðinsfræðslu hér á landi og leitar því til Leiknar um að komast í starfsnám í geiranum. GV mun senda almennt erindi um málið á fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar sem og á Hróbjart Árnason.

8. Ráðstefna Kvasis, Leiknar og NVL

Eyjólfur sagði frá stöðu mála varðandi fyrirhugaða ráðstefnu Kvasis, Leiknar og NVL sem er áætlað að halda í maí nk. Planið var að fá mennta- og menningarmálaráðherra á ráðstefnuna og liggur vilyrði ráðherra fyrir. Hins vegar hefur ekki verið hægt að festa dag og tíma og því er erfitt að gera nákvæm plön fyrr en staðfesting liggur fyrir frá ráðuneytinu.

9. Önnur mál

- Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 13:50, næsti fundur er áætlaður föstudaginn 21.febrúar nk. kl.12:00